

**Fjallskilaumdæmi ABHS - 18.. fundur  
haldinn í fundarsal að Digranesgötu 2, mánudaginn 18. mars 2024  
og hófst hann kl. 09:00**

**Fundinn sátu:**

Ragnhildur Eva Jónsdóttir, Þorsteinn Viggósson, Pétur Davíðsson, Baldvin Björnsson og Sóley Birna Baldursdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Sóley Birna Baldursdóttir Deildarstjóri umhverfis- og landbúnaðarmála

**Dagskrá:**

**1. Erindi frá stjórn fjallskilaumdæmis - Breytingar og endurskoðun fjallskilasamþykktar - 2303031**

Endurskoðun fjallskilasamþykkt stjórnar ABHS.

*Farið yfir IV kafla fjallskilasamþykktar og vinnsluathugasemdir ritaðar niður. Áframhald síðar.*

*Samþykkt samhljóða.*

*Samþykkt*

**2. Kostnaður í fjallskiladeildum - 2403216**

Kostnaður vegna fjallskila ræddur.

*Stjórn fjallskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar og Skorradalshrepps óskar eftir að fá endurskoðaðan ársreikning fyrir hverja fjallskiladeild í Borgarbyggð sbr. sundurliðun í 2. gr. fjallskilasamþykktar og eins kostnað fyrir fjallskiladeildir Skorradalshrepps, Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar 5 ár aftur í tímann með vísan í 3. gr. fjallskilasamþykktar fyrir sveitarfélögin Akraneskaupstað, Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit og Skorradalshrepp, nr. 683/2015 og eins vísun í 1. m.gr. 43. Gr. laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.*

*Óskað er eftir svörum fyrir næsta fund nefndarinnar en ofangreind gögn munu tengjast áframhaldandi vinnu við endurskoðun fjallskilasamþykktarinnar.*

*Samþykkt samhljóða.*

*Samþykkt*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00**

18.. fundur fjallskilaumdæmis ABHS  
26.08.2024

---

Ragnildur Eva Jónsdóttir

---

Þorsteinn Viggósson

---

Pétur Davíðsson

---

Baldvin Björnsson

---

Sóley Birna Baldursdóttir